

Gjaldskrá Félagsheimilisins Fellsborgar frá 1. janúar 2026

RÝMI	Verð allt að 2 tímum	Verð allt að 4 tímum	Verð 1/2 dagur	Verð heill dagur	Dansleikur
Efri hæð	30.000	36.000	52.000	80.000	130.000
Aðalsalur og andyri	19.300	24.400	36.800	58.000	
Hliðarsalur og andyri	13.000	16.700	25.500	40.800	
Andyri	5.400	7.100	10.900	17.700	
Eldhús með salarleigu	5.000	5.000	5.000	5.000	
Salur á neðri hæð	13.000	16.700	25.500	40.800	
Helgarleiga efri hæð og salur niðri (frá kl 18 á föst út sunnudag)				181.200	

Föst húsaleiga sem breytist skv. neysluvísitölu á þriggja mán. fresti verð pr. mán á fermeter:

1.000

Sérstök leiga á búnaði út úr húsi :

Stólar	450
Borð	900
Glös	70
Diskar	90
Annar borðbúnaður	50

Leiga innifelur allan þann búnað sem fylgir viðkomandi rými alla jafna, s.s tæknibúnað, borðbúnað og almennar rekstrarvörur. Verði skemmdir á hinu leigða er leigutaki ábyrgur fyrir greiðslu þess kostnaðar sem til fellur vegna viðgerðar eða endurnýjunar. Skuldi leigutaki leigu eða hefur ekki greitt kostnað vegna tjóns eðs skemmda getur ekki komið til frekari leigu nema skuldin hafi áður verið gerð upp. Óski leigutaki eftir því að framlengja leigu eða dragi að skila hinu leigða, leggst sá tími við upphaflegan leigutíma við ákvörðun leigufjárhæðar. Ákvörðun um langtímaleigu er tekin af leigusala hverju sinni.

Leigutaki sem stendur fyrir viðburði þar sem tónflutningur fer fram verður að standa skil á STEF gjöldum.

Ákvæði vegna heimildar til að víkja frá gildandi gjaldskrá:

Í sérstöku tilfellum er leigusala heimilt að víkja frá gildandi verðskrá. Heimilt er að veita 25% afslátt af gjaldskrá til eiganda eða vegna verkefna í samfélagsþágu. Verkefni í samfélagsþágu teljast m.a.:

Samkomur fyrir leik- og grunnskólabörn á vegum skóla eða foreldrafélaga. Samkomur á vegum dreifnáms eða Tónlistarskóla Austur Húnavatnssýslu. Samkomur fyrir börn og ungmenni á vegum íþrótt- og æskulýðsfélaga. Samkomur á vegum félagasamtaka eða góðgerðarfélaga í sveitarfélaginu sem börn, ungmenni eða eldri borgarar njóta góðs af.

Beiðni um afslátt vegna verkefna í samfélagsþágu þurfa að berast leigusala áður en viðburðurinn er haldinn. Ungmennafélagið Fram og og Kvenfélagið Eining njóta eigendakjara af gjaldskrá.

Ákvæði vegna æfinga:

Heimilt er að veita allt að 100% afslátt á gjaldskrá vegna æfinga. Leigutaki hefur aðgang að hinu leigða til æfinga í samráði við leigusala. Borgandi viðburður hefur forgang að húsinu hvenær sem er á æfingatíma. Leigutaki skal halda skrá um dagsetningar og tímafjölda sem æfingar standa yfir og skila til leigusala að loknu æfingatímabili. Afsláttur frá gjaldskrá vegna æfinga er stuðningur Sveitarfélagsins Skagastrandar við leiklistar-, tónlistar- og menningarstarf.

Sýnilegt skal vera að Sveitarfélagið Skagaströnd hafi stutt viðburðinn, s.s. í bæklingi, leikskrá eða með öðrum opinberum hætti.

Verði tjón á húsnæði, lausamunum eða tæknibúnaði á æfingatíma er leigutaki ábyrgur fyrir greiðslu sem nemur kostnaði við viðgerð eða endurnýjun.

Beiðni um afslátt vegna æfinga þurfa að berast leigusala áður en æfingar hefjast.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 16. desember 2024